


Núgildandi deiliskipulag dags. 2004. Upphaflegt deiliskipulag var unnið af Studio Granda.

(sjá síðari breytingar)




FYRIR BREYTINGU




BREYTING

SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulags
- Mörk breytingasvæðis
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Götur
- Gönguleiðir
- Bílastæði
- Gróður
- Grenndargámar
- 430 m² Lóðarstærð
- N Nýtingarhlutfall

FORSENDUR:

Bókun Skpulags- og byggingrráðs Hafnarfjarðar frá 19.05.2008, liður **13. mál 0804309 - Tjarnarvellir, Tjarnatorg, fyrirspurn.** Hannes Ragnarsson leggur þann 28.04.08 inn fyrirspurn þess efnis að fá að staðsetja pylsuvagn við Tjarnarvelli til móts við Tjarnatorg, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Erindið var til afgreiðslu á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 14.05.2008 sem vísaði því til skipulags- og byggingarráðs.

*Skipulags- og byggingarráð tekur jákvætt í fyrirspurnina, tillögu nr. 2. Skv. 23.grein skipulags- og byggingarlaga er framkvæmdaraðila "heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað".*

LÝSING Á BREYTINGU:

- Gróðureyju á bílastæði við Tjarnarvelli er breytt í lóð fyrir staðsetningu pylsuvagns.
- Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er reiturinn sem um ræðir þannig útfærður að yfir hann liggur gangstígur, á reitnum er plantað runnagróðri, við reitinn er gert ráð fyrir staðsetningu grenndargáma.
- Eftir breytingu verður gangstígur á sama stað og hann er samkv. gildandi deiliskipulagi.
- Með breytingunni er gróðurbeði breytt í lóð fyrir pylsuvagn.
- Grenndargámasvæði er flutt af reitnum og því komið fyrir í útjaðri bílastæðasvæðisins við Tjarnarvelli.
- Á lóð pylsuvagnsins er byggingarreitur sem sýnir staðsetningu pylsuvagns á reitnum. Byggingarreiturinn er 5x12m.
- Innan lóðar pylsuvagns á reitnum eru 11 bílastæði.
- Við pylsuvagninn verður hellulagt svæði og gróður.

SKIPULAGSSKILMÁLAR:

- Heimilt er að reisa allt að 55m² pylsuvagn á lóðinni.
- Byggingin skal vera innan byggingarreits.
- Byggingin skal vera á einni hæð.
- Heimilt er að hafa sökkul undir byggingunni og skal hámarkshæð hans vera 30cm.
- Leyfilegt hámarksnýtingarhlutfall á lóðinni er 0,14.
- Heimilt er að hafa allt að helming byggingarinnar úr gleri.
- Hámarkshæð byggingar má vera 3,5m yfir leyfilegum sökkli.
- Lóðarhafi skal koma fyrir 11 bílastæðum innan lóðar.
- Lóðarhafi skal ganga þannig frá lóðinni að hún sé snyrtileg og fullfrágengin með hellum, malbiki og gróðri.
- Lóðarhafi skal haga sorpmálum vegna starfseminnar með þeim hætti að það standist byggingarreglugerð og reglur heilbrigðiseftirlits.
- Lóðarhafa ber að skila öllum tilskildum teikningum samkv. kröfum byggingarreglugerðar.
- Lóðarhafi skal á aðalteikningum gera fullnaðar grein fyrir öllum frágangi á lóð.
- Verði mannvirki sem þegar er búið að ganga frá á reitnum fyrir skemmdum vegna framkvæmda lóðarhafa skal hann lagfæra þær á sinn kostnað.
- Að öðru leiti gilda fyrri skipulagsskilmálar fyrir svæðið, sbr. breytingu sem samþykkt var 31. maí 2005 og skilmálar, útgáfu 0.3 dags. 19.05.2004

Umhverfisdeild Hafnarfjörður

# VELLIR MIÐSVÆÐI

## BREYTING Á DEILISKIPULAGI



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025

FYRRI BREYTINGAR:

- Breyting unnin á Skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar. Samþ. í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar 01.06.2004
- Breyting unnin hjá arkitektastofunni Arkís. Samþ. í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar 31.05.2005
- Breyting unnin hjá arkitektastofunni Arkís. Samþ. í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar 30.06.2005
- Breyting unnnin á T.ark Teiknistofan e.h.f. Samþ. í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar 16.10.2007

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð samkv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt ~~í~~ hjá Skipulags-og Byggingar~~ráði~~ Fulltrúa Hafnarfjarðar

þann 14. JANÚAR 2009

[signature]

f.h. Skipulags- og Byggingarráðs

HAFNARFJARÐARBÆR SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS

og í Bæjarstjórn þann ________ 200

________________________

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Tillagan var auglýst frá 28.11 til 29.12 2008

Með athugasemdafresti til 12.01 2009

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 200

arkitektur.is

Hverfisgata 26 • 101 Reykjavík • sími 562 5020 • fax 562 5086
Kaupvangsstræti 23 • 600 Akureyri • sími 462 6727 • fax 461 1507
netfang arkitektur.is@arkitektur.is http://www.arkitektur.is
Arkitektar faí
Elín Kjartansdóttir, Gísli Jón Kristinsson, Haraldur Örn Jónsson, Páll Tómasson, Helga Benediktsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Sigurðardóttir, Kristján Garðarson

Hafnarfjörður 20.09.2008